

AUGLÝSING

um deiliskipulag hesthúsahverfis við Þórshöfn, Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti deiliskipulag hesthúsahverfis við Þórshöfn á fundi sínum þann 18. júní 2019.

Deiliskipulagssvæðið er 12,5 ha opið svæði austan þéttbýlisins á Þórshöfn á landnotkunarreit Íþ1 skv. aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 með síðari breytingum. Tilgangur deiliskipulagsins er að setja skilmála um framtíðar uppbyggingu hesthúsahverfis við Þórshöfn. Helstu viðfangsefni eru m.a. skilgreining á aðkomu að svæðinu, staðsetning æfingasvæðis og lega reiðstíga. Þá eru skilgreind lóðamörk og byggingarreitir fyrir hesthús og æfinga- og félagsaðstöðu. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 30. nóvember 2018 (með breytingu 11. júní 2019).

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Langanesbyggð, 12. nóvember 2019.

Elías Pétursson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2019